

Menntamálaráðuneytið blæs til fundar:

## Loks endurskoðun á menntasamningi

**MENNTAMÁL** Menntamálaráðuneytið hefur boðað viðræður við stjórn Fjölmenntar um endurskoðun þjónustusamnings Fjölmenntar og Geðhjálpar seinni hluta þessa mánaðar.

„Við verðum að trúa því að þetta boði eitthvað gott,“ sagði Sveinn Magnússon, framkvæmdastjóri Geðhjálpar. Menntamál geðsjúkra hafa verið í mikilli óvissu allt frá því í fyrravor, þar sem ekkert lá fyrir um fjárframlög til að reka haustönn. Búið var að segja öllum starfsmönnum upp en stjórnvöld létu 6 milljónir til málaflokksins. Það þýddi að hægt var að veita um 60% af



**ENDURSKOÐUN**

Loks hefur verið boðað til viðræðna um endurskoðun á samningi um samstarfsverkefni Fjölmenntar og Geðhjálpar.

þeirri menntun sem geðsjúkir höfðu sótt um. Að sögn Helga Jósepssonar verkefnisstjóra kom samdrátturinn verst niður á þeim sem eiga við lestrar- og skriftarörðugleika að etja. Þá þurfti að sleppa viðbótarkennslu fyrir þá einstaklinga sem voru í fjarnámi, svo og endurmenntun fyrir fólk sem hafði búið sig undir að fara út á vinnu- markaðinn, til dæmis við störf í mótuneyti.

Sveinn sagði að kostnaðaráætlun sem Geðhjálp hefði lagt fyrir Alþingi fyrir rúmu ári hefði verið 22 milljónir króna fyrir skólastarf allan veturinn.